

RANNSÓKNIR Í FÉLAGSVÍSINDUM III

Erindi flutt á ráðstefnu í október 1999

Ritstjórar

Friðrik H. Jónsson
Ingjaldur Hannibalsson

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Háskólaútgáfan
2000

Alþingi
Erindi nr. P 127/229
komudagur 22. 11. 2001

Eignarskattur á peningalegar eignir

Vilhjálmur Bjarnason

Í ritgerð þessari verður fjallað um eignarskatt á peningalegar eignir, fyrst og fremst skuldabréf og hlutabréf. Rætt er um skattinn í sögulegu ljósi en einnig í tengslum við hugmyndir um okur og afgjald af dauðu fé eins og það birtist í Gamla testamentinu. Áhrif skattsins á tekjur ríkissjóðs eru metin og reynt er að varpa ljósi á hækkun tekjuskattshlutfalls við afnám eignarskatts af eignum einstaklinga og lögaðila en jafnframt að tekjum ríkissjóðs sé haldið óbreyttum.

Leidd verða að því tók að eignarskattur á peningalegar eignir mismuni eignaformum og að slík mismunun leiði til þess að þjóðhagslegar hagkvæmni sé ekki að fullu gætt við fjárfestingarákvaðanir. Eignarskattur er algerlega óháður greiðslugetu skattgreiðenda því að ákveðnar eignir gefa ekki af sér fjárflæði og eignarskattur getur við ákveðin skilyrði verið hærrí en 100% tekjuskattur. Þegar tekjur af peningalegri eign felast í verðhækkun eignarinnar en ekki af tekjum á meðan á eignarhaldi stendur hindrar eignarskattur slíka fjárfestingu.

Endurskoðun ákvæða um eignarskatt ætti að miðast við að afnema þessa tegund skattlagningar en skattleggja í þess stað tekjurnar sem af eigninni leiða eða tekjur af undirliggjandi eign eða eignarígildi. Með undirliggjandi eignarígildi er til dæmis átt við rekstrartekjur hlutafélags sem eru skattlagðar sérstaklega. Arðgreiðsla er einungis ráðstöfun á hagnaði en ekki uppspretta hagnaðar. Við slíka skattlagningu er eðlilegt að leggja á fjármagnstekjuskatt samkvæmt 72. gr. laga um eignarskatt og tekjuskatt nr. 75/1981.

Eignarskattur er arfleifð gamals tíma og hefur oftast verið í andstöðu við ríkjandi tíðaranda. Kirkjuyfivöld töldu að tíundin sem eignarskattur væri í andstöðu við vilja guðs og veraldleg yfivöld hafa ávallt reynt að skattleggja tekjur af eignum og neyslu, sbr. tekjuskatt og virðisaukaskatt. Rétt er að benda á að kennslubækur í fjármálum fjalla ekki um eignarskatt. Hann er á undanhaldi í ríkjum Evrópu og er ekki að finna í Bandaríkjunum.

Peningalegar eignir

Með peningalegum eignum er átt við eignir þar sem verðmæti ákvarðast af ýmsum þáttum. Peningalegar eignir eru:

- Peningar sem gjaldmiðill.
- Peningar sem tæki til að geyma fjármuni.
Slíkur gjaldmiðill er almennt viðurkenndur til lúkningar á skuldum. Dæmi um peninga eru seðlar og mynt og hefjanlegar bankainnstæður.
- Fjármálatæki (*financial instruments*) þar sem verðmæti ákvarðast af núvirtum framtíðarfjárstraumum. Dæmi um fjármálatæki eru vixlar, skuldabréf, hlutabréf og afleiðusamningar sem eru verðlagðir í ljósi undirliggjandi eignar.

Peningalegar eignir eru ekki til afnota en hafa áhrif á atferli eigandans sem neytanda vegna þess að þeim má auðveldlega skipta í raunverðmæti án verulegra affalla. Peningalegar eignir hafa áhrif á eftirspurn eftir vöru og þjónustu. Kostnaður við að halda peningalegri eign er fórnarkostnaður. Andstæða hennar er rauneign, það er eign sem er til og hefur notagildi. Dæmi um rauneignir eru fasteignir, bifreiðar, vélar og áhöld, svo og listaverk. Kostnaður við slíka eign kemur fram í sliti og úreldingu, viðhaldi og þjónustu. Tekjur af rauneign eru vegna leigu og þeirrar starfsemi sem í eigninni er rekin.

Hægt er að líta á rauneign sem peningalega eign ef verðmæti hennar er reiknað út sem núvirt fjársteymi leigutekna eða annars konar tekna sem leiða af starfrækslu hennar.

Skattar af peningalegum eignum

Peningalegar eignir hafa mismunandi virði í tíma vegna þess að hinir áætluðu fjárstraumar koma fram á ólíkum tíma. Til að reikna út tímavirði peningalegra eigna þarf að ákvarða ávöxtunarkröfu (*rate of return*). Ávöxtunarkrafan ákvarðast af nokkrum þáttum. Þeir eru:

- Auðseljanleiki.
- Greiðslufallsáhætta, mótaðilaáhætta.
- Verðbólga.
- Álag vegna áhættu við endurfjárfestingu.

Tekjur af og verðbreytingar á peningalegum eignum eru þrenns konar:

- Vextir af skuldabréfum og arður af hlutabréfum.
- Verðbreyting vegna breytinga á vöxtum.
- Verðhækkun vegna breytinga á tímabili, það er núvirði eignar hækkar vegna lægri afvöxtunarpáttar.

Kennslubækur í fjármálum gera ráð fyrir því að tekjur af peningalegum eignum séu skattlagðar með tvennum hætti:

- Skattlagðar eru greiðslur sem eru taldar vera aðskilinn hluti höfuðstóls hinnar peningalegu eignar. Þetta eru greiddir vextir og arður. Allar greiðslur sem ganga til eigenda peningalegra eigna og er dreift í hlutfalli við eignarhluta eru taldar af þessum toga.
 - Skattur er gjaldkræfur við greiðslu vaxta eða arðs.
- Skattlagður er mismunur á söluverði og kaupverði hinnar peningalegu eignar, það er sú verðhækkun sem verður vegna breytingar á afvöxtunarpætti eða stytts afvöxtunartíma.
- Skattur er gjaldkræfur þegar söluhagnaður er inuleystur.

Kennslubækur gera ekki ráð fyrir að hin peningalega eign geti verið skattalegt andlag heldur aðeins afraksturinn.

Eignarskattur og sérstakur eignarskattur

Í VII. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 er fjallað um eignarskatt. 74. gr. laganna skilgreinir mat á eignum og 5. tl. tekur til mats á peningalegu eignum. 75. gr. laganna tiltekur réttindi sem ekki teljast til eignar. 2. tl. tiltekur rétt til eftirlauna og lífeyris. Slík réttindi verður að telja peningalegar eignir þar sem rétturinn leiðir af sér fjárstrauma sem hægt er að tímasetja með nokkurri nákvæmni.

Með framangreindum ákvæðum er peningalegum eignum í eigu einstaklinga mismunað þar sem frjáls sparnaður í formi skuldabréfa og hlutabréfa er andlag til eignarskatts. Á hinn bóginn er lögbundinn sparnaður í formi lífeyrissparnaðar undanþeginn eignarskatti.

78. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skilgreinir eignarskattstofn og er eignarskattstofninn í meginatriðum eignir að frádregnum skuldum.

Sérstök ákvæði varða bankainnstæður, ríkisverðbréf og hlutfjáreign að tilteknu marki:

- Ríkisverðbréf eru undanþegin eignarskatti.
- Bankainnstæður eru undanþegnar eignarskatti séu þær meiri en skuldirnar.
- Hlutfjáræign umfram ákveðið nafnverð, kr. 1.229.374 hjá einstaklingi, er undanþegin eignarskatti á sama hátt og bankainnstæður hér að framan.

Þessi sérstöku ákvæði eiga þó ekki við um lögaðila.

Í lögum um Þjóðarþókkhlöðu og endurbætur menningarbygginga, nr. 83/1989, eru ákvæði um sérstakan eignarskatt sem er 0,25% af eignarskattstofni. Niðurstaðan er því sú að eignarskattur er 1,45% af jaðareign. Leggst hann á eignir án tillits til þess hvort þær bera arð eða ekki.

Með því að meta tekjuskattsáhrif eignarskatts kemur í ljós að með 1,61% arði af hlutabréfi þar sem nafnverðið er eignarskattstofn og 10% fjármagnstekjuskatti verður 1,45% eignarskattur 100% tekjuskattur. Ef eignin gefur ekki af sér neinar tekjur má jafna eignarskatti við eignaupptöku þar sem hið skattalega andlag rýrnar: Ef

- t er tími mældur í árum
- n er tímabil
- 0,0145 er jaðareignarskattshlutfall;

verður eign á tíma $(n+t)$:

$$\text{Eign } (n + t) = \text{Eign } (n) \cdot e^{-t \cdot 0,0145}$$

og eign helmingast á 47,8 árum.

Upphaf eignarskatts

Upphaf eignarskatts á Íslandi má rekja allt aftur til tíundarlaga. Tíund var lögtekin á Íslandi árið 1097.

Á þjóðveldisöld voru vextir eða fjárleiga 10%. Tíund var 10% fjárleigu af matsverði eigna. Þannig varð tíundin í raun 1% eignarskattur en ekki 10% tekjuskattur eins og nafnið bendir til að skatturinn hafi verið hugsaður. Erlendis var tíund 10% af brúttótekjum.¹

Í sögu Árna Þorlákssonar biskups er eftirfarandi frásögn af samtali þeirra Loðins lepps sendimanns Noregskonungs. Samtalið á sér stað þegar verið var að lögleiða Jónsbók:

1 Um þetta má lesa hjá Jóni Jóhannessyni, (1956, bls. 204).

Og er hljóð gafst mælti herra Loðinn og sá um sig nokkuð styggilega og leitadi ráðs að leiða almúgann frá byskupi í huganum, því að hann skildi margmennið honum vilja fylgja og sinna og mælti svo: „Bréf þetta sem þér herra byskup létuð lesa hefit fyrir margra hluti í sér sem vér megum vort mark á kenna, en þó hugða ég að eigi mundi þeir sem það gerðu þessu mega fyrir alla skipa eða ráða. En þar sem þér töluðuð um okur, trúi ég sannlega að það sé illt, og þeir okurkarlar séu bannsettir, en hvað má herra okur vera en tíundargerð sú hin ranglega sem hér er á landinu? Þér byskuparnir heimtuð tíund af sylgjum og silfurbeltum, koppum og keröldum og öðru dauðu fé, og undra ég mjög hví landsbúið þolir yður slíkar óhæfur og gerið eigi norræna tíund að eins þá sem gengur um allan heiminn, og einsaman er rétt og lögtekin.

Þessi orð Loðins voru þess eðlis að þau gátu aflað honum fylgis hjá almúganum. Hrafn Oddsson [lögmaður] segir þá:

Herra, góð er tíundargerð sú er vér höfum, og önnur mun hvorum-veggja, klerkum og leikmönnum, óhentari“. Herra Árni byskup mælti þá: „Af orðum Innocentii? páfa vitum vér að sú tíundargerð er eigi okur og vinnur engum manni sálutjón. (Árna byskups saga, 1998)

Í þessu samtali brigslar Loðinn leppur Árna biskupi um okur því afgjald af dauðu fé var talið okur. Taldi kirkjan það dauðasynd.

Eignarskattur virðist því orðinn til vegna undanþáguákvæðis frá Innocentíusi páfa (II. eða IV., sbr. nmgr. 2) en þegar tíund var lögtekin var stefna kirkjunnar sú að um tekjuskatt af afrakstri jarðar og ávöxtun vinnu væri að ræða. Um þetta segir Magnús Stefánsson í *Sögu Íslands*:

Útlendingum fannst íslenska tíundarskipanin einkennileg og varla í samræmi við kenningar kirkjunnar, sem barðist gegn okri. En hún var ekki alveg án erlendra fyrirmynda. Í frankverska ríkinu varð tíundin, sem upphaflega hefur líklega verið álitin vinargjöf til kirkjunnar, ákveðinn skattur bæði af jarðeign og annarri eign. Þýskir og frankverskir höfðingjar stóðu fyrir miklum kirkjubyggingum öðrum þræði til að njóta góðs af tíundartekjum kirkjunnar, öðrum tekjum hennar og forrétindum. Gera má ráð fyrir að erlend einkakirkjuskipan hafi getað verið íslensku höfðingjunum fyrirmynd að vissu marki. Þetta hefur þó aldrei verið rannsakað. (Magnús Stefánsson, 1975)

Tíundarlögin voru í gildi hér á landi allt fram á þessa öld. Þá var fátækra-tíund af fasteignum og lausafé afnumin (lög um afnám fátækra-tíundar nr. 46/1914). Ný skattalög voru samþykkt á Alþingi 1877 og tóku þau gildi

2 Giskað hefur verið á Innocentíusi II. (1130–43) eða Innocentíusi IV. (1243–54), sjá Magnús Stefánsson, 1975.

1879. Í þeim lögum koma fyrst fram ákvæði um tekjuskatt þar sem andlag skattlagningar eru tekjur en jafnframt var eignarskatti breytt á þann veg að skattarnir urðu tvenns konar:

- Ábúðar- og lausafjárskattur sem samsvarar fasteignasköttum nú.
- Húsaskattur, 1,5% af álagningarstofni, þar sem skattaandlagið var fasteignamat húss að frádrögnum þinglýstum skuldum. Þessi skattur jafngildir nú eignarskatti.

Skoðun kirkjunnar á okri

Í Gamla testamentinu, það er Mósebókum og Davíðssálmum, er fjallað um okur.⁴

Í þriðju Mósebók, kafla 22, versí 25 segir: „Ef þú lánar peninga fólki mínu, hinum fátæka, sem hjá þér er, þá skalt þú ekki vera við hann eins og okrari. Þér skuluð ekki taka leigu af honum“. Í versum næst þessu versí, það er 22.–24. og 26.–27. segir: „Þér skuluð ekki leggjast á ekkjur eða mun- aðarleysingja. Ef þú leggst á þau, og þau hrópa til mín, mun ég vissulega heyra neyðarkvein þeirra. Þá skal reiði mín upptendrast, og ég skal drepa yður með sverði, svo að konur yðar verði ekkjur og börn yðar föðurlaus.“ og „Ef þú tekur yfirhöfn náunga þíns að veði, þá skila þú honum henni aftur áður sól sest, því að hún er hið eina, sem hann hefir til að hylja sig með, hún skýlir líkama hans. Hvað á hann annars að hafa yfir sét, er hann leggst til hvíldar? Þegar hann hrópar til mín, skal ég heyra, því að ég er miskunnsamur.“ Aftur segir í þriðju Mósebók, kafla 25, versí 35 og áfram: „Ef bróðir þinn kemst í fátækt og verður ósjálfbjarga hjá þér, þá skalt þú styðja hann sem dvalarmann og hjábýling, svo að hann geti lifað hjá þér. Þú skalt eigi taka fjárleigu af honum né aukagjald, heldur skalt þú óttast Guð þinn, svo að bróðir þinn geti lifað hjá þér. Þú skalt eigi ljá honum silfur þitt gegn leigu, né heldur hjálpa honum um matvæli þín gegn aukagjaldi“. Enn segir í fimmtu Mósebók, kafla 23, versí 19 og áfram: „Þú skalt ekki taka fjárleigu af bróður þínum, hvorki fyrir peninga, matvæli né nokkurn hlut annan, er ljá má gegn leigu. Af útlendum manni mátt þú taka fjárleigu, en af bróður þínum mátt þú ekki taka fjárleigu, til þess að Drottinn Guð þinn

4 Tilvísanir í Mósebækur og Davíðssálma fengnar frá dt. Einari Sigurbjörnssyni prófessor. Þær miðast við Bibliútgáfuna 1981.

blessi þig í öllu því, er þú tekur þér fyrir hendur í landinu, sem þú heldur nú inn í til þess að taka það til eignar“.

Gyðingar fengu ekki að stunda öll störf en hér er komin skýringin á því hvers vegna Gyðingar voru fordæmdir vegna viðskipta. Þeir lánuðu fé og tóku vexti af öðrum kynstofnum en ekki sínum eigin. Þeir uppskárú fordæmingu eða öfund umheimsins af því það að taka vexti var talin græðgi.

Í 15. Davíðssálmni, 1. versí, er spurt: „Drottinn, hver fær að gista í tjaldi þínu, hver fær að búa á fjallinu þínu helga?“. Meðal svaranna er þetta í 5. versí: „...sá er eigi lánar fé sitt með okri og eigi þiggur mútur gegn saklausum“.

Allur 15. Davíðssálmurinn hljóðar svo:

Drottinn, hver fær að gista í tjaldi þínu, hver fær að búa á fjallinu þínu helga? Sá er fram gengur í flekkleysi og iðkar réttlæti og talar sannleik af hjarta, sá er eigi talar róg með tungu sinni, eigi gjörir öðrum mein og eigi leggur náunga sínum svívirðing til; sem fyrirlítur þá er illa breyta, en heiðrar þá er óttast Drottin, er sver sér í mein og bregður eigi af, sá er eigi lánar fé sitt með okri og eigi þiggur mútur gegn saklausum – sá er þetta gjörir, mun eigi haggast um aldur.

Fjárleiga í Gamla testamentinu er ávallt sett í samband við nauðung og misneytingu.⁵ Uppsöfnun fjár sem byggðist á peningunum sjálfum sem uppsprettu auðsöfnunar var versta form peninga. Peningar voru aðeins til notkunar í viðskiptum, annað var ónáttúrulegt og andstätt tilgangi þeirra. Hinn eðlilegi afrakstur var vinnan og ávöxtur jarðarinnar.

Kennisetning fjármálafræðinnar

Virðing (*valuation*) peningalegrar eignar ræðst af þeim fjárstraumi sem eignin gefur af sér. Þá er gerður greinarmunur á skuldabréfum og hlutabréfum.

Skuldabréf

Fjárstraumur skuldabréfs er þekktur og er bundinn í skilmálum sjálfs skuldabréfsins. Skuldabréf er skilyrðislaus krafa. Í skilmálum slíks bréfs eða

5 Með misneytingu er átt við að ekki sé jafnræði með aðilum, að annar aðillinn nýti sér til dæmis fákunnáttu eða vanmátt hins til óeðlilegs ávinnings.

lánssamnings eru ákvæði um gjalddaga, lánstíma og vexti. Greiðslur eru núvixtar miðað við tiltekna ávöxtunarkröfu sem er óháð efni skuldabréfsins og ræðst af markaðsaðstæðum og lánstrausti skuldara.

Hlutabréf

Fjárstraumar hlutabréfa eru ekki samningsbundnir. Arðgreiðslur eru ákveðnar af stjórn með samþykki hluthafa. Arður er ráðstöfun á hluta hagnaðar. Hagnaður sem er kyrrsettur í hlutafélagi stendur undir vexti félagsins og frekari arðgreiðslum. Fjárstraumar byggjast á sögulegum forsendum. Arðgreiðslur fyrirtækja eru óvissar en mun stöðugri en hagnaður fyrirtækjanna. Arður af bandarískum hlutabréfum er að jafnaði um 2% af verðmæti þeirra.

Þar sem arður er lágt hlutfall markaðsvirðis byggist verðmæti hlutabréfa að verulegu leyti á vexti arðgreiðslna sbr. líkan Gordons svo og þeim verðmætum sem byggjast upp innan fyrirtækisins. Hlutabréf í hlutafélagi, sem ekki greiðir arð og mun ekki greiða arð í fyrirsjáanlegri framtíð og safnar ekki upp markaðsverðbréfum til að greiða út til hluthafa til lækkunar á höfuðstól, er einskis virði nema ef upplausnarverðmæti hlutafélagsins kunni að nýtast í sameiningu við annað félag og framangreindar forsendur breytist.

Verðmæti fjárhagslegra eigna eins og hlutabréfa ræðst ekki af nafnverði þeirra. Nafnverðið er einungis reiknigrundvöllur og sýnir hlutdeild af heildarverðmæti hlutafélagsins.

Mat peningalegra eigna til eignarskatts

Samkvæmt 74. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 skal meta tilteknar peningalegar eignir sem hér segir:

- Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess.
- Útistandandi kröfur skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði.

Skuldabréf án vaxta (*zero coupon bond*) eru samkvæmt þessu talin fram á markaðsvirði þar sem þau eru minna virði en nafnverðið.

Í upphaflegri útgáfi laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 73/1981 var eftirfarandi ákvæði um mat hlutabréfa í 5.tl. 75 gr. laganna:

- Séu hlutabréf eða önnur verðbréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupingsverði síðasta kaupingsdags fyrir lok reikningsárs.

Þetta ákvæði um hlutabréf féll út með lagabreytingu, sbr. lög nr. 63/1990. Ákvæðið var íþyngjandi fyrir eigendur hlutabréfa sem voru skráð á Verðbréfaþingi og kom í reynd í veg fyrir að hlutafélög óskuðu eftir skráningu þar. Ákvæðið hækkaði eignarskattsstofn og arðgreiðslur, en arður sem var innan við 2% af markaðsvirði hlutabréfa, nægði ekki til greiðslu 2,2% eignarskatts eins og hann var þá.

Í 2. mgr. 78. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt er eftirfarandi undanþáguákvæði:

Auk heimildar í 1. mgr. er mönnum heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvixla, ríkisbréf, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbref gefin út af Byggingarsjóði ríkisins svo og hlutleildarskírteini verðbréfasjóða, sbr. lög nr. 20/1989, þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Sambærilegt undanþáguákvæði, sem nær þó til tekjuskatts, er í bandarískri löggjöf um skuldabréf útgefin af sveitarfélögum. Vextir og gengishagnaður eru undanþegin alríkissköttum. Verðmyndun slíkra skuldabréfa tekur mið af framangreindu ákvæði á þann veg að ávöxtun ákvarðast af

$k \cdot (1-t)$ í stað k ; k = ávöxtunarkrafa, t = tekjuskattshlutfall.

Verðmyndun ríkisskuldabréfa á Íslandi tekur að einhverju leyti mið af þessu undanþáguákvæði. Þar sem undanþáguákvæðið nær einungis til einstaklinga en ekki til lögaðila hefur það ekki tilætluð áhrif því að áhrifaríkustu fjárfestarnir eru stofnanafjárfestar sem eru undanþegnir skattlagningu.

Tafla 1. Eignarskattur í nokkrum löndum⁶

	1995	1998-99
Austurríki	ekki til	ekki til
Bandaríkin	ekki til	ekki til
Belgía	ekki til	ekki til
Bretland	ekki til	ekki til
Danmörk	1% umfram DKK 1.592.000, ekki hjá fyrirtækjum	ekki til
Finnland	0,9% umfram FIM 1.000.000	óbreytt %
Frakkland	1% fyrir erlend fyrirtæki 0,55-1,65% af eignum yfir FFR 4,530.000	umfram FIM 1.100.000 0,55-1,8% af eignum yfir FFR 470.000
Ítalía	1,8% yfir FFR 100 milljónir „Net Equity Tax“ 0,75%, lagður á fyrirtæki	ekki til
Lúxemborg	0,5%	0,5% sem inneign á móti tekju- skatti að uppfylltum skilyrðum
Noregur	0,1-0,5% skattur 1% útsvar umfram NOK 120.000	0,3% einstaklingar sérákvæði fyrir útlendinga
Spánn	0,2-2,5%, einstaklingar 0%, fyrirtæki	óbreytt
Sviss	allt að 1% útsvar	óbreytt
Svíþjóð	1,5%, einstaklingar umfram SEK 800.000	óbreytt umfram SEK 900.000
Þýskaland	fyrirtæki 0,6% einstaklingar í atvinnurekstri 0,5% einstaklingar 1% yfir DEM 120.000 * fjölskyldumeðlimir	ekki til

Er fjármagnstekjuskattur „réttur“?

Hér hefur verið gengið út frá þeirri forsendu að skattlagning sé hlutlaus með tilliti til þess þáttar virðisauka sem er skattlagður. 10% fjármagnstekjuskattur er aðeins reiknitala en segir ekkert til um endanlegan jaðarskatt af skattalegu andlagi. Nú verður reynt að greina endanlega skattlagningu eftir því hvers eðlis tekjurnar eru og hverjir eru móttakendur þeirra. Skattlagning fjármagnstekna getur verið í tveimur þrepum. Í töflu 2 er gert ráð fyrir að hinn endanlegi móttakandi teknanna sé einstaklingur. Áhrif tveggja

6. Meginheimildir: DeloitteTouche, 1995 og 1999; *Taxation in North America*, 1998.

þrepa koma fram þegar fjármagnstekjur fara í gegnum fyrirtæki eða lífeyrissjóð. Tekið er tillit til þess að vextir eru dregnir frá skattskyldum tekjum í rekstri fyrirtækja.

Tafla 2. Endanleg skattlagning

Uppruni: Fyrirtæki	Móttakandi	Skatthlutfall	Frávik frá skatt- hlutfalli einstak- linga = 38,34%
Launatekjur	Einstaklingar	38,34%	0,00%
Vextir	Einstaklingar	10,00%	-28,34%
Arður og gengishagnaður	Einstaklingar	37,00%	-1,34%
Vextir	Fyrirtæki	37,00%	-1,34%
Arður og gengishagnaður	Fyrirtæki	37,00%	-1,34%
Vextir	Lífeyrissjóðir	38,34%	0,00%
Arður og gengishagnaður	Lífeyrissjóðir	56,84%	18,50%

Almennur jaðartekjuskattur einstaklinga er 38,34%. Með því að bera saman skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga fást svör við því hvort skattar séu „réttir“. Ekki er tekið tillit til 5% tekjuskatts yfir vissum tekjumörkum.

Forsendur fyrir þessum útreikningum eru eftirfarandi: Reiknuð eru heildaráhrif tveggja þrepa skattlagningar frá uppruna til móttakanda sem er launþegi. Um þetta má sýna dæmi:

Hagnaður fyrirtækis er skattlagður um 30%; 70% eru eftir til ráðstöfunar til hluthafa sem eru einstaklingar. 10% „fjármagnstekjuskattur“ á hagnað eftir skatt á fyrirtæki gerir því 37% heildarskattbyrði.

Hagnaður fyrirtækis er skattlagður um 30%; 70% eru eftir til ráðstöfunar til hluthafa sem eru lífeyrissjóðir. Við greiðslu lífeyris eru lífeyrisgreiðslur skattlagðar um 38,34%. Heildarskattbyrði verður því 56,84%.

Aðrar tölur byggja á svipuðum forsendum.

Ekki er tekið tillit til áhrifa eignarskatta eða þess að tekjur kunna að falla til á mismunandi tíma. Tímavirðið er að hluta til leiðrétt með því að ávöxtun þess sem er kyrrsett er skattlögð að lokum. 10% „fjármagnstekjuskattur“ gefur því nokkuð rétta niðurstöðu nema þar sem vaxtatekjur einstaklinga eru vanskattlagðar lífeyristekjur sem eiga uppruna í arði eða gengishagnaði hlutabréfa eru ofskattlagðar.

Tekjuskattur og eignarskattur í ríkisreikningi 1998

Samkvæmt ríkisreikningi 1998 eru tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti og eignarskatti eins og sýnt er í töflu 3:

Tafla 3. Tekjur ríkissjóðs

Í milljónum króna	Eignarskattur og sérstakur eignarsk.	Tekjuskattur og sérstakur tekjusk.
Einstaklingar	1.936,00	32.301,00
Lögaðilar	<u>1.862,70</u>	<u>7.155,00</u>
Samtals	3.798,70	39.456,00

- Sérstakur eignarskattur er 0,25%, sbr. lög nr. 83/1989.
- Sérstakur tekjuskattur er 5%, sbr. lög nr. 147/1994, 18. gr. og síðari breytingar. Bráðabirgðaákvæði við lög nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Innheimtur 10% fjármagnstekjuskattur einstaklinga 1998 var 2.204 milljónir. Álagður fjármagnstekjuskattur var hins vegar 2.752 milljónir. Mismunur er líklega óuppgerður skattur á söluhagnað hlutabréfa.

Heildartekjur ríkissjóðs árið 1998 voru 180.846 milljónir. Eignarskattur og sérstakur eignarskattur nam því 2,1% af tekjum ríkissjóðs á því ári.

Breyting á eignarskatti einstaklinga í tekjuskatta hefur í för með sér tveggja prósentustiga hækkun tekjuskatts en breyting á eignarskatti lögaðila í tekjuskatt hefur í för með sér sjö prósentustiga hækkun tekjuskatts.

Á þessu stigi skortir upplýsingar um hve mikill hluti eignarskatta er álagning á peningalegar eignir. Ekki er víst að eignarskattar á peningalegar eignir sé verulega há upphæð vegna fjölda undanþáguákvæða.

Þá hefur ekki heldur verið gerð athugun á breyttri innbyrðis skattbyrði lögaðila við slíka breytingu, þar sem margir lögaðilar greiða eignarskatt en ekki tekjuskatt.

Tíundartekjur Skálholtsstóls 1643

Til samanburðar má geta þess að tekjur Skálholtsstóls árið 1643 voru 514 „stór hundruð álna“. Biskupstúndir úr fjórum sýslum sama ár voru 34 „stór hundruð álna“, eða 6,6% af tekjum stólsins það ár. Aðrar tekjur voru landskuld af stóljörðum og kúgildaleigum.⁷

Af þessu má sjá að tíundin hefur ekki verið sú tekjulind fyrir biskupsstólinn frekar en eignarskattur er nú fyrir ríkissjóð.

7 Þetta má lesa í grein dr. Gísla Gunnarssonar prófessors, 1998.

Heimildir

- Jón Jóhannesson (1956): *Íslendinga saga*, I. bindi 1956. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Árna byskups saga (1998). *Íslensk fornrit*, XVII bindi. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Magnús Stefánsson (1975). „Kirkjuvald eflist“. *Saga Íslands*, II. bindi.
- Lög um afnám fátækraúndar nr. 46/1914.
- Lög um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981.
- Lög um Þjóðarboðhlöðu og endurbætur menningarbygginga nr. 83/1989.
- Biblían, 1981. Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag
- DeloitteTouche (1995 og 1999). *Taxation in Western Europe*. London: DeloitteTouche.
- Taxation in North America: The North America Free Trade Agreement* (1998).
- Gísli Gunnarsson (1998). Bú Þórðar biskups og sambönd hans. Í *Frumkvöðull vísinda og mennta, Þórður biskup Þorláksson í Skálholti*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.